



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Ákvörðun nr. 7/2021 Óumbeðin fjarskipti Happdrætti DAS.

(mál nr. 2020110035)

I. Erindin

(1) Póst- og fjarskiptastofnun (hér eftir PFS) bárust kvartanir frá átta einstaklingum, dagana 29. október 2020 til 4. janúar 2021, vegna óumbeðinna fjarskipta á vegum Happdrætti DAS.

(2) Ein kvörtun barst til viðbótar með tölvupósti þann 5. jan. 2021 en hún var ekki tæk til meðferðar þar sem upplýsingar skorti um símanúmer viðkomandi. Þær upplýsingar fengust ekki þegar eftir þeim var kallað.

(3) Kvartanir bárust frá eftirtöldum aðilum:

- [...]¹, dags. 29. okt. 2020.
- [...], dags. 13. nóv. 2020.
- [...], dags. 13. nóv. 2020.
- [...], dags. 16. nóv. 2020.
- [...], dags. 17. nóv. 2020.
- [...], dags. 24. nóv. 2020.
- [...], dags. 16. des. 2020.
- [...], 4. jan. 2021.

II. Málsmeðferð og sjónarmið aðila

2.1. Erindi PFS, dags. 11. janúar 2021, til Happdrætti DAS.

(4) Með bréfi PFS, dags. 11. jan. 2021, var Happdrætti DAS tilkynnt að stofnuninni hefði borist átta kvartanir frá einstaklingum vegna óumbeðinna fjarskipta en afrit af þeim voru meðfylgjandi.

(5) Í erindinu vakti PFS athygli Happdrætti DAS á 5. mgr. 46. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti (hér eftir fjarskiptalög) og tók stofnunin fram að hún hefði nýlega leiðbeint Happdrætti DAS

¹ Upplýsingar felldar brott. Hið sama á við um eftirfarandi hornklofa.

(mál nr. 2020090065) um þær reglur sem giltu um beina markaðssetningu og óumbeðin fjarskipti.

(6) PFS vísaði að auki til framfylgdarheimilda stofnunarinnar vegna framangreinds ákvæðis en auk ákvæða fjarskiptalaga gilda viðeigandi ákvæði laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, nr. 57/2005, um málsmeðferð vegna 46. gr. fjarskiptalaga, sbr. 74. gr. b. laganna.

(7) PFS bauð Happraetti DAS að taka afstöðu til þess hvort að umrædd fjarskipti hefðu verið í samræmi við 5. mgr. 46. gr. fjarskiptalaga og ef svo væri þá var óskað eftir rökstuðningi þess efnis.

2.2. Svar frá framkvæmdaaðila úthringinga f.h. Happraetti DAS, dags. 28. jan. 2021.

(8) Þann 28. jan. 2021 barst PFS tölvupóstur frá fyrirtækinu Svörum Strax ehf. en þar sagði að fyrirtækið hefði sinnt úthringingum fyrir Happraetti DAS. Fyrirtækið baðst afsökunar á þessu og að það væri að skoða hvert tilfelli fyrir sig og athuga hvað hefði farið úrskeiðis. Svör myndu berast PFS að því loknu.

(9) Með tölvupósti þann 18. feb. 2021 ítrekaði stofnunin erindi sitt við úthringifyrirtækið. Svarbréf barst síðan með tölvupósti þann 25. feb. 2021. Þar sagði að Happraetti DAS hefði borist formleg kvörtun vegna úthringinga Svörum Strax. Þar sem að fyrirtækið hefði séð um framkvæmd fyrir hönd Happraettisins væri best að það svaraði fyrir þetta.

(10) Varðandi verklag greindi fyrirtækið frá því að listi með nöfnum væri aðkeyptur og að hann byggði á gögnum frá Þjóðskrá. Nafnalistinn væri síðan samkeyrður við lista upplýsingaþjónustuaðila sem að halda úti símaskrá. Út frá þessum gögnum væri útbúinn úthringilisti. Fyrirtækinu þótti það miður að hafa hringt í bannmerkta aðila og tók fram að gaumgæfilega hefði verið farið yfir hvert tilfelli svo að þetta myndi ekki endurtaka sig. Þá sagði einnig að samstarf við Happraetti DAS hefði gengið vel og styrktaraðilum þess hefði fjölgað. Ákveðið reynsluleysi og vinnsla við samkeyrslu á listum gerði að verkum að hringt var í bannmerkta einstaklinga og þætti fyrirtækinu það miður.

(11) Því næst tilgreindi fyrirtækið hvernig málum hefði verið háttað í hverju tilfelli fyrir sig:

Kvörtun 1. Sá sem kvartar: [...] Símtal sem átti sér stað þann 5.1.2021 í símanúmer [...]. Viðkomandi er ekki bannmerktur á ja.is og því kemur það ekki fram í kerfinu hjá okkur að hann sé bannmerktur. Hann þyrfti að uppfæra skráninguna sína á ja.is til að koma í veg fyrir símtöl. En við höfum merkt hann í kerfinu hjá okkur þannig að hann á aldrei aftur að fá símtal frá okkur.

Kvörtun 2. Sá sem kvartar: [...]. Símtal sem átti sér stað þann 4.1.2021 í símanúmer [...]. Viðkomandi er ekki bannmerktur á 1819.is og því kemur það ekki fram í kerfinu hjá okkur að hann sé bannmerktur. Hann þyrfti að uppfæra skráninguna sína á 1819.is til að koma í veg fyrir símtöl. En við höfum merkt hann í kerfinu hjá okkur þannig að hann á aldrei aftur að fá símtal frá okkur.

Kvartanir 3-8. Sá sem kvartar: [...]. Símtal sem átti sér stað 24.11.2020 í símanúmer [...]. Viðkomandi er bannmerktur á 1819.is og hefðum við ekki átt að hringja í hann. Mistök við samkeyrslu á listum hefur gert það að verkum að hann hafi verið á þessum lista. Það sama á við um [...] sem við hringdum í þann

17.11.2020, [...] símtal 13.11.2020, [...] símtal 13.11.2020, [...] símtal 29.10.2020.
Varðandi [...] símtal 13.11.2020, [...] er með annað símanúmer skráð á 1819 [...] sem er ekki bannmerkt en við höfum merkt það í okkar gagnagrunni þannig að hún fái ekki símtal aftur.

(12) Að lokum sagði fyrirtækið að það skráði alltaf niður og merkti í sínum kerfum ef að viðkomandi óskaði ekki eftir því að fá hringingu aftur, sem að hefði verið gert í öllum þessum tilvikum. Það ætti því ekki að koma til þess að fyrirtækið hringdi aftur í þessa einstaklinga. Það væri búið að fara yfir verkferla við samkeyrslu á listum til að forðast svona leiðinleg mistök sem að fyrirtækið tæki ábyrgð á og baðst afsökunar.

2.3. Bréf PFS, dags. 19. mars 2021, til Hapdrætti DAS.

(13) Með bréfi PFS til Hapdrætti DAS, dags. 19. mars. 2021, fór stofnunin yfir framangreind samskipti við úthringifyrirtækið Svörum Strax. PFS vísaði til reglna um málsmeðferð stofnunarinnar nr. 710/2020 og að þar væri að finna í 22. gr. reglnanna sérstaka málsmeðferðarreglu vegna kvartana um óumbeðin fjarskipti.² Þar kæmi m.a. fram að ef um væri að ræða ítrekuð brot sama aðila, það bærist mikill fjöldi kvartana gegn sama aðila og/eða af svörum hans má ráða að ágreiningur sé um hvort samskiptin hafi falið í sér óumbeðin fjarskipti og/eða hann telji að þau uppfylla skilyrði laga tekur PFS erindi kvartanda til efnislegrar úrlausnar.

(14) PFS tók síðan fram að tilgangur 5. mgr. 46. gr. fjarskiptalaga væri að takmarka það ónæði sem notendur fjarskiptaþjónustu gætu orðið fyrir vegna beinnar markaðssetningar og væri það á ábyrgð þess sem notar almenna tal- og farsímaþjónustu, sem lið í markaðssetningu, að ganga úr skugga um að það númer sem hringt væri í væri ekki bannmerkt í símaskrá. Stofnunin hefði litið svo á að aðillinn sem að kaupir úthringiþjónustu bæri ábyrgð á því að úthringilistar væru réttir.

(15) Að svörunum virtum, í ljósi fjölda kvartana og endurtekens brots Hapdrættis DAS væri það niðurstaða PFS að stofnuninni væri óhjákvæmilegt annað en að beita framfylgdarheimildum stofnunarinnar. Stofnunin tilkynnti því að hún hygðist taka stjórnvaldsákvörðun þar sem lögð væri sekt á Hapdrætti DAS fyrir brot á 5. mgr. 46. gr. fjarskiptalaga, sbr. 74. gr. b. laganna. Hapdrætti DAS var veittur tveggja vikna frestur til að gera hugsanlegar athugasemdir við þessa fyrirhuguðu ákvörðun.

2.4. Tölvupóstur framkvæmdaaðila úthringinga, dags. 7. apríl 2021.

(16) Með tölvupósti barst PFS beiðni frá Svörum Strax um að stofnunin endurskoðaði fyrirhugaða ákvörðun. Úthringifyrirtækið vísaði til þess að það hefði svarað fyrir kvartanirnar og að í þremur tilfellum af átta hafi verið um að ræða aðila sem voru ekki bannmerktir á vefsíðum upplýsingaveitna um símanúmer. Hinir einstaklingarnir hafi hins vegar verið réttilega bannmerktir og mistök leitt til þess að hringt hafi verið í þá. Fyrirtækið væri búið að koma þessu í betri farveg og tæki kvartanirnar alvarlega.

² Þann 3. júlí 2020 gaf PFS út reglur nr. 710/2020 um málsmeðferð hjá stofnuninni en þeim er m.a. ætlað að vera almennum ákvæðum stjórnsýslulaga til fyllingar og festa í sessi óskráðar reglur og venjur sem stuðst hefur verið við í stjórnsýslufrákvæmd stofnunarinnar. Í IV. kafla reglnanna er að finna sérstaka málsmeðferðarreglu um kvartanir vegna óumbeðinna fjarskipta.

(17) Var þess óskað að PFS sýndi því skilning að um nýlegt úthringifyrirtæki væri að ræða og verið væri að hringja til styrktar góðu málefni. Þá var spurt hvort að aðvörun væri ekki nóg þar sem fyrirtækið hefði endurskoðað ferla sína varðandi uppsetningu á úthringilistum.

2.5. Tölvupóstur PFS til framkvæmdaaðila úthringinga, dags. 13. apríl 2021.

(18) Með tölvupósti, dags. 13. apríl 2021, sagði PFS að í það kæmi fram á heimasíðu stofnunarinnar, sem og í leiðbeiningarbæklingi PFS um óumbeðin fjarskipti að stofnunin liti svo á að aðilinn sem kaupir úthringiþjónustu bæri ábyrgð á að úthringi-, eða útsendingarlistar sem notaðir eru séu réttir. Þar væri það áréttað að mikilvægt væri að slíkir listar séu uppfærðir reglulega og að bannmerking sé virt, þó svo annar aðili sé fenginn til að sjá um sjálfar úthringingar.

(19) PFS sagði einnig að Hapdrætti DAS ætti að vera kunnugt um hvaða reglur væru í gildi um svona markaðssetningu, m.a. vegna þess að stofnunin hefði áður sent sams konar erindi vegna óumbeðinna fjarskipta og að úthringifyrirtækið hefði einnig svarað fyrir þá kvörtun. Nú væri um að ræða nokkurn fjölda kvartana og því tæki stofnunin erindin til efnislegrar úrlausnar og vísaði þar til 22. gr. málsmeðferðarreglna stofnunarinnar.

2.6. Tölvupóstur PFS til framkvæmdaaðila úthringinga, dags. 4. maí 2021.

(20) Með tölvupósti, dags. 4. maí 2021, tilkynnti stofnunin Hapdrætti DAS að málið væri nægjanlega upplýst að hennar mati og að gagnaöflun væri lokið. PFS gaf Hapdrætti DAS kost á því tjá sig um gögn málsins og að leggja fram rökstuðning ef þörf yrði talin á frekari gagnaöflun. Svar barst með tölvupósti þann 6. maí 2021 frá Svörum Strax ehf. þar sem aðeins var áréttuð sú ósk að stofnunin tæki mið af því í ákvörðun sinni að í 3 kvörtunarmálum af 8 hefði viðkomandi ekki verið réttilega bannmerktur.

III.

Forsendur og niðurstaða

3.1. Almenn um hlutverk PFS og lagaumhverfi

(21) Póst- og fjarskiptastofnun er sú stofnun sem með lögum hefur verið falið að annast framkvæmd laga um fjarskipti og hafa eftirlit með fjarskiptum, sbr. 1. mgr. 1. gr. og 1. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga, nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun.

(22) Ákvæði 46. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 er ætlað að vernda einkalíf áskrifenda og byggir greinin að mestu leyti á 13. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins, nr. 2002/58/EB, um vinnslu persónuupplýsinga og verndun einkalífs á sviði rafrænna fjarskipta.

(23) Með tilskipun nr. 2002/58/EB (og forvera hennar) voru meginreglur, sem settar voru fram í tilskipun nr. 95/46/EB, um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um fjálsa miðlun slíkra upplýsinga, yfirfærðar í sértækar reglur á sviði fjarskipta og eru ákvæði hennar viðbót og ítarlegri umfjöllun um ákvæði síðarnefndu tilskipunarinnar, sbr. 2. mgr. 1. gr. og 4. lið inngangsorða tilskipunar nr. 2002/58/EB.

(24) Ákvæði 46. gr. fjallar um óumbeðin fjarskipti og er þar að finna reglur varðandi beina markaðssetningu í formi sjálfvirkra upphringikerfa án mannglegrar íhlutunar, símbréfataekja, tölvupósts og rafrænna skilaboða. Þá er í lokamálsgrein ákvæðisins að finna reglu er varðar notkun almennrar tal og farsímaþjónustu sem lið í markaðssetningu. Í ákvæðinu segir:

„Notkun sjálfvirkra uppkallskerfa, símbréfa eða tölvupósts, þ.m.t. hvers konar rafrænna skilaboða (SMS og MMS), fyrir beina markaðssetningu er einungis heimil þegar áskrifandi hefur veitt samþykki sitt fyrir fram.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að nota tölvupóstfang við sölu á vörum eða þjónustu fyrir beina markaðssetningu á eigin vörum eða þjónustu ef viðskiptavinum er gefinn kostur á að andmæla slíkri notkun tölvupóstfanga þeim að kostnaðarlausu þegar skráning á sér stað og sömuleiðis í hvert sinn sem skilaboð eru send hafi viðskiptavinurinn ekki þegar í upphafi hafnað slíkri notkun.

Að öðru leyti en mælt er fyrir í 1. og 2. mgr. eru óumbeðin fjarskipti í formi beinnar markaðssetningar óheimil til þeirra áskrifenda sem óska ekki eftir að taka á móti þeim.

Óheimilt er að senda tölvupóst sem þátt í beinni markaðssetningu þar sem nafn og heimilisfang þess sem stendur að markaðssetningu kemur ekki skýrt fram.

Þeir sem nota almenna tal- og farsímaþjónustu sem lið í markaðssetningu skulu virða merkingu í símaskrá sem gefur til kynna að viðkomandi áskrifandi vilji ekki slíkar símhringingar í símanúmer sitt. Áskrifandi á rétt á að fá vitneskju um hvaðan þær upplýsingar koma sem liggja úthringingu til grundvallar.“

3.2. Gildissvið 46. gr. fjarskiptalaga og framfylgdarheimildir vegna óumbeðinna fjarskipta.

(25) Ákvæði 46. gr. fjarskiptalaga nær eingöngu til fjarskipta sem varða markaðssetningu og afmarkar það gildissvið ákvæðisins. Hugtökin bein markaðssetning og bein markaðssókn eru ekki skilgreind í lögum en eru talin vera efnislega þau sömu. Þessum hugtökum hefur verið markað rúmt gildissvið, þannig að þau taka til ýmiskonar aðila sem alla jafna yrðu ekki taldir markaðsaðilar, t.d. stjórnmalaflokka, góðgerðar- og líknarfélög o.s.frv. Enn fremur er lagður víðtækur skilningur hvað varðar efni skilaboða sem teljast til beinnar markaðssetningar. Þannig er það ekki eingöngu kynning á vörum- og þjónustu í viðskiptalegum tilgangi sem fellur þar undir, heldur tekur bein markaðssetning til allra skilaboða þar sem tilgangur þeirra er fá viðtakanda þeirra til að aðhafast eitthvað, t.d. taka þátt í einhverju, styðja eitthvað o.s.frv.

(26) PFS hefur litið svo á að fjarskiptasendingar í markaðssetningarskyni séu ávallt á ábyrgð þess aðila sem ákveður að markaðssetja sig með slíkum sendingum og sá aðili beri ábyrgð á að ákvæði 46. gr. laga um fjarskipti séu virt, þrátt fyrir að hann semji við þriðja aðila um að annast slíkar sendingar fyrir sig. Þetta hefur m.a. komið fram í fyrri ákvörðunum PFS nr. 7/2015, 15/2015 og 28/2017.

(27) Til viðbótar við heimildir og viðurlög sem kveðið er á um í fjarskiptalögum og lögum um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 69/2003, gilda einnig viðeigandi ákvæði laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu nr. 57/2005 um málsmeðferð vegna 46. gr. fjarskiptalaga.³ Er 74. gr. b. fjarskiptalaga svohljóðandi:

„Ef brotið er gegn ákvæðum 46. gr. gilda ákvæði 20. gr. a–b, 2. mgr. 21. gr. c, 22.–25. gr. a og 27. gr. laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu,

³ Með lögum nr. 21/2020 um breytingu á ýmsum lögum, vegna samvinnu stjórnvalda á Evrópska efnahagssvæðinu um neytendavernd, var breyting gerð á fjarskiptalögum, svo að uppfyllt væru skilyrði c- og d-liðar 3. mgr. 9. gr. og e-, f-, g- og h-liðar 4. mgr. 9. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2394 frá 12. desember 2017.

nr. 57/2005, um málsmeðferð og heimildir Póst- og fjarskiptastofnunar til að framkvæma vettvangskönnun og prufukaup, grípa til aðgerða, leggja á sektir og dagsektir og krefjast lögbanns.

Ákvörðunum Póst- og fjarskiptastofnunar skv. 1. mgr. verður skotið til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála.“

3.3. Um 5. mgr. 46. gr. fjarskiptalaga

(28) Í 42. lið inngangsorða tilskipunar nr. 2002/58/EB er sérstaklega tekið fram að hvað varðar aðrar tegundir beinnar markaðssetningar, svo sem símtöl, geti aðildarríki haft við lýði kerfi sem veitir áskrifendum möguleika á að tilgreina að þeir vilji ekki fá slík símtöl í símanúmer sín, sbr. bannskrá hér á landi. Aftur á móti, og til að draga ekki úr neytendavernd, geta aðildarríki þar sem jafnframt er krafist fyrirfram samþykkis fyrir þessa tegund markaðssetningar viðhaldið þeirri aðferð.

(29) Hér á landi valdi löggjafinn þá leið, sbr. 5. mgr. 46. gr. fjarskiptalaga, að hafa svokallaða bannmerkingu í símaskrá, þ.e. að áskrifendur þurfa að óska eftir því að fá ekki símtöl sem eru liður í markaðssetningu aðila. Slíkt efnislega samhljóða ákvæði hefur verið í íslenskum lögum frá gildistöku laga, nr. 107/1999, um fjarskipti, sbr. 4. mgr. 34. gr. þeirra.

(30) Ekki er í athugasemdum við frumvarp er varð að núgildandi fjarskiptalögum að finna frekari skýringar á framangreindu ákvæði en það byggir á 4. mgr. 34. gr. eldri fjarskiptalaga, nr. 107/1999, en um ákvæðið segir í athugasemdum við frumvarp er varð að þeim lögum að ákvæðinu sé „... ætlað að vernda símnotendur sem þess óska fyrir seljendum vöru og þjónustu sem hyggjast markaðssetja vörur sínar með símhringingum.“

(31) Út frá skýru orðalagi ákvæðisins og lögskýringargögnum er ljóst að með ákvæðinu er leitast við að vernda einstaklinga, sem það kjósa, fyrir ágangi aðila sem hyggjast nýta símhringingar sem lið í markaðssetningu á vöru sinni eða þjónustu. Þannig kemur ákvæðið ekki í veg fyrir að haft sé samband við einstaklinga af öðru tilefni og kemur brot á því einungis til álita ef símtal er liður í markaðssetningu aðila, sbr. umfjöllun í kafla 3.2.

3.4. Niðurstaða

(32) Sá sem hyggst nýta sér almenna tal- eða farsímaþjónustu sem lið í markaðssetningu skal virða merkingu í símaskrá sem gefur til kynna að viðkomandi áskrifandi vilji ekki slíkar símhringingar í símanúmer sitt, sbr. 5. mgr. 46. gr. fjarskiptalaga. Tilgangur ákvæðisins er að vernda einkalíf áskrifenda og sporna við ágangi seljenda sem að markaðssetja vörur sínar með símhringingum.

(33) Hapdrætti DAS hefur eftirlátið Svörum Strax ehf. að svara fyrir framkvæmd og verklag úthringinga. Í svörum fyrirtækisins er gengist við þeim símtölum sem kvartað var yfir og kemur fram að tilgangur þeirra hafi verið að fjölga styrktaraðilum Hapdrætti DAS. Því var ekki mótmælt að um lið í markaðssetningu hafi verið að ræða. Að mati PFS er því fulljóst að tilgangur símtalanna hafi verið bein markaðssetning í þágu Hapdrætti DAS og falli umrædd fjarskipti þar með undir gildissvið 5. mgr. 46. gr. fjarskiptalaga.

(34) Af skýringum Svörum Strax ehf. má ráða að um mistök hafi verið að ræða sem megi rekja til reynsluleysis en einnig er í svörum fyrirtækisins sýnd sú viðleitni að bæta verklag við úthringingar svo að það samræmist fjarskiptalögum. PFS telur það vera bragarbót að fyrirtækið

ætli framvegis að gera betur en líkt og fram kom í máli stofnunarinnar, sem og fyrri ákvörðunum, þá ber aðilinn sem kaupir úthringiþjónustu ávallt ábyrgð á því að úthringilistar sem eru notaðir séu réttir og að sama skapi ábyrgð á því að ákvæði 46. gr. laga um fjarskipti séu virt. PFS áréttar samt mikilvægi þess að fyrirtæki sem taka að sér slíka markaðssetningu í verktöku kynni sér til hlítar allar þær reglur sem gilda um slík fjarskipti.

(35) Fram hefur komið í málinu að í allavega fimm tilvikum var hringt í einstaklinga sem voru réttilega bannmerktir í símaskrá. Því verður að telja ljóst að Happdrætti DAS, sem ábyrgðaraðili úthringinga, hafi brotið gegn ákvæði 5. mgr. 46. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti með því að virða ekki bannmerkingu áskrifenda í símaskrá.

(36) Að framangreindu virtu, er það mat stofnunarinnar að tilefni sé til þess að beita stjórnsluviðurlögum, sbr. 74. gr. b. fjarskiptalaga. Við ákvörðun um upphæð sektar er horft til þess að um nokkur brot er að ræða á stuttu tímabili, auk þess sem að stofnunin hafði áður veitt Happdrætti DAS leiðbeiningar um ólögmati óumbeðinna fjarskipta, PFS þykir því hæfilegt að leggja stjórnvaldssekt á Happdrætti DAS að upphæð 300.000 kr. sem greiðist í ríkissjóð.

Ákvörðunarorð

- 1. Happdrætti DAS braut gegn ákvæði 5. mgr. 46. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti með því að virða ekki bannmerkingu áskrifenda í símaskrá.**
- 2. Með vísan til 1. mgr. 74. gr. b. laga um fjarskipti nr. 81/2003 er lögð sekt á Happdrætti DAS að upphæð 300.000,- kr. fyrir brotin, sem greiðist í ríkissjóð.**
- 3. Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi var kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Um kostnað vegna málskots fer samkvæmt 5. mgr. 13. gr. sömu laga, auk þess sem greiða ber sérstakt málskotsgjald að upphæð kr. 150.000, skv. 6. gr. reglugerðar nr. 36/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála. Samkvæmt 4. mgr. 13. gr. sömu laga getur aðili einnig borið ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar beint undir dómstóla án þess að mál sé fyrst borið undir úrskurðarnefnd. Slíkt mál skal höfðað innan þriggja mánaða frá því að viðkomandi fékk vitneskju um ákvörðun stofnunarinnar. Málskot frestar ekki réttaráhrifum ákvarðana stofnunarinnar. Málskot beint til dómstóla hindrar að úrskurðarnefnd sé heimilt að taka kæru til málsmeðferðar.**

Reykjavík, 10. maí 2021.

Björn Geirsson, f.h. forstjóra

Arnar Stefánsson